

**Nr. 17-144 S 109 Móri RE skemmtibátur****Leki**

Skipaskr.nr. 7662  
Framleiðandi: Finnland 2007, trefjaplast.  
Tegund:  
Mesta lengd: 6,52 m Skráð lengd: 6,19 m  
Breidd: 2,33 m Dýpt: 1,22 m  
Vél: Mercury utanborðsmótor, 110 kw, 2007.  
Fjöldi skipverja: 2



Móri © RNSA

**Gögn:**  
Lögregluskýsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. september 2017 voru skipverjar á skemmtibátnum Móra RE á svartfuglsveiðum á Faxaflóa. Veður: SA 10 m/s.

Skipverjar tilkynntu til Neyðarlínunnar um leka á bátnum og var nærstaddur bátur, Andrea, beðin um að sigla til Móra auk þess sem varðskipið Þór og björgunarsveitir voru kallaðar út.

Andrea var komin að bátnum stuttu síðar og fylgdi honum áleiðis til lands. Síðar kom varðskipið Þór sem dældi sjó úr bátnum og fylgdi honum til hafnar í Reykjavík.



Akkerishólfíð í stefni bátsins

**Við rannsókn kom fram:**

- að sjór komst í geymsluhólf fyrir akkeri í stefni bátsins sem fylltist þegar sjór gekk yfir stefnið. Þaðan komst sjórinn yfir í farþegarými um lekt þil, en frágangur þess var ófullnægjandi;
- að við skoðun kom í ljós að 10 mm lensigat úr akkerishólfinu hafði stíflast af plastpoka sem akkerið var geymt í;
- að báturinn var ekki í ferilvöktun hjá Vaktstöð siglinga;
- að eigandinn var að fara taka upp bátinn fyrir veturinn og ætlaði að gera



Rauða örinn sýnir lensigatið

ráðstafanir til að láta þetta þilið milli akkerisgeymslunnar og farþegarýmisins.

*Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.